



AUGASTEINSAÐGERÐIR
(Katarakt)



Sjónin



Augað er eitt af mikilvægustu skilningarvitum mannsins.

Ljós berst inn í augun í gegnum hornhímnuna (glæruna), augasteininn og glerhlaupið áður en það lendir á sjónhímnunni. Þar eru milljónir frumna sem nema ljósið og senda boð gegnum sjóntaugina til heilans sem túlkar boðin í mynd.

Hlutverk augasteinsins er að stilla ljósið sem berst til augans þannig að það sé í fókus á sjónhímnunni. Á þennan hátt má sjá skýrt bæði í nálægð og fjarlægð.

Með aldrinum minnkar eiginleiki augasteinsins til að breyta um lögun og verður þá erfiðara að sjá skýrt í nálægð, t.a.m. við lestur.

Fyrsta einkennið er að halda þarf hlut (t.d. bók) frá sér til þess að sjá skýrar en síðar kemur að því að það dugar ekki til. Algengast er að þessara einkenna verði vart upp úr fertugu.



Hvað er ský á augasteini (katarakt)?

Ský á augasteini kallast það þegar breytingar verða á augasteininum sem minnka gegnsæi hans. Kemst því minna ljós inn í augað auk þess sem ljósið dreifist meira inni í auganu. Ský á augasteini getur komið fyrir á öllum aldri. Í einstaka tilvikum er sjúkdómurinn meðfæddur en algengi hans eykst mikið með hækkandi aldri.


Einstaklingar komnir yfir sjötugt eru flestir komnir með ský á augastein að einhverju marki sem veldur mismikilli sjónskerðingu.

Einkenni

Sjúkdómnum fylgir sjónskerðing, þ.e. móðusjón og glýja fyrir augum (t.d. baugar í kringum ljós).



Ský á augasteini



Dæmi um móðusjón

Áhættuþættir

Meðal áhættuþátta eru:

- Hækkandi aldur
- Erfðir
- Reykingar
- Sykursýki
- Meðhöndlun með kortisónsterum (t.d. prednisólón)
- Augnáverkar
- Útfjólublá geislun
- Auk þess benda rannsóknir til þess að konur séu í meiri hættu en karlar að fá ský á augastein



Gerviaugasteinn

Hvað er til ráða?

Skurðaðgerð er eina meðferðin við skýi á augasteini. Í aðgerð er augasteinninn fjarlægður og gerviaugasteinn settur í staðinn. Þessar aðgerðir eru með algengustu skurðaðgerðum á Íslandi í dag.

Hvenær er þörf á aðgerð?

Yfirleitt er rétt að huga að augasteinsaðgerð þegar sjónskerðing truflar einstaklinginn í daglegu lífi.

Engin aðgerð er án áhættu

Augasteinsaðgerð er stöðluð aðgerð sem yfirleitt bætir sjónina. Það verður þó að hafa í huga að engin aðgerð er án áhættu. Fylgikvillar sem valda því að sjónin versnar geta átt sér stað en eru sjaldgæfir.

Betri sjón?

Það fá ekki allir betri sjón eftir augasteinsaðgerð. Það kunna að vera til staðar aðrir sjúkdómar í auganu sem valda því að sjónin verður ekki jafn góð og væntingar stóðu til. Sumir þeirra uppgötvast jafnvel ekki fyrr en eftir augasteinsaðgerð.

Eftirský

Í augasteinsaðgerð er ákveðinn hluti augasteinsins (hýðið) skilinn eftir og notaður sem stuðningur fyrir gerviaugasteininn.

Einstaka sinnum verður hýðið ógegnsætt og versnar þá sjónin að nýju. Þetta getur gerst nokkrum mánuðum eða árum eftir aðgerð og kallast eftirský.

Eftirský er einfalt að meðhöndla með laser.

Nýjar tegundir gerviaugasteina

Hefðbundnir gerviaugasteinar hafa einn fókus og gera fólki því venjulega aðeins kleift að sjá í einni fjarlægð, yfirleitt langt frá sér. Flestir þeirra sem hafa gengist undir augasteinsaðgerð þurfa því að nota lesglæraugu eða glæraugu með margskiptu gleri. Fyrir þá sem vilja geta séð án glæraugna eftir augasteinsaðgerð eru gerviaugasteinar með fjölfókus góður kostur.

Þessir gerviaugasteinar eru þannig gerðir að þeir sýna skýra mynd í tveimur fjarlægðum, þ.e. annars vegar í fjarlægð og hins vegar í nálægð eða í millifjarlægð.

Rannsóknir sýna að þeir sem fá fjölfókus gerviaugasteina þurfa sjaldnar að nota glæraugu og geta því yfirleitt ekið bíl, stundað útivist, notað tölvur og lesið án glæraugna.



Aðgerð á augasteini



Með aldrinum skerðist hæfileiki augasteinsins til að breyta um lögun og sjá skýrt í mismunandi fjarlægðum

SÉRFRÆÐINGAR Í ÞÍNUM AUGUM

Öryggi ofar öllu | Reynsla og sérþekking | Nákvæm skoðun | Góð eftirfylgni

Tímapantanir í síma
577 1001 eða á
www.sjonlag.is


sjónlag
augnlækningar
laseraðgerðir



Glæsibær
Álfheimar 74
5. hæð
104 Reykjavík
Sími 577 1001
Fax 577 1021
sjonlag@sjonlag.is
www.sjonlag.is